



HRUNAMANNAHREPPUR

20. FUNDUR SVEITARSTJÓRNAR
KJÖRTÍMABILIÐ 2022 – 2026

7. FUNDUR ÁRSINS

Árið 2023, þann 13. apríl kom sveitarstjórn Hrunamannahrepps saman til fundar kl. 16:00 í Ráðhúsi sveitarfélagsins.

Eftirtaldir sátu fundinn: Jón Bjarnason, Bjarney Vignisdóttir, Ragnhildur Stefanía Eyþórsdóttir í forföllum Herberts Haukssonar, Daði Geir Samúelsson og Halldóra Hjörleifsdóttir í fjarveru Alexöndru Rósar Jóhannesdóttur. Auk þeirra sat fundinn Aldís Hafsteinsdóttir sveitarstjóri, sem skráði fundargerð í tölvu.

Jón Bjarnason setti fund og stjórnaði honum. Hann bauð fundarmenn velkomna og óskaði eftir athugasemdum við fundarboð. Engar athugasemdir komu fram.

Fundargerðir v. nefnda Hrunamannahrepps:

1. **Skólanefnd: Fundargerð 4. fundar vegna Flúðaskóla frá 20. mars sl.**
Lögð fram fundargerð 4. fundar skólanefndar vegna Flúðaskóla.

Varðandi lið 7 – „Aðkoma skólabíla“ samþykkir sveitarstjórn að fela sveitarstjóra að skoða hvernig bæta megi umferðaröryggi í kringum skólann og hvort að slíkt rúmist innan fjárhagsáætlunar ársins. Fundargerðin að öðru leyti lögð fram til kynningar.

2. **Skólanefnd: Fundargerð 5. fundar vegna Leikskólans Undralands frá 20. mars sl.**
Lögð fram fundargerð 5. fundar skólanefndar vegna Leikskólans Undralands.

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

Fundargerðir v. samstarfs uppsveita Árnessýslu og Flóahrepps:

3. **Fundargerð 257. fundar skipulagsnefndar frá 22. mars sl. og afgreiðslur byggingarfulltrúa frá 15. mars sl.**
Lögð fram fundargerð 257. fundar skipulagsnefndar frá 22. mars sl. og afgreiðslur byggingarfulltrúa frá 15. mars sl.

Eftirfarandi mál afgreidd sérstaklega:

Mál nr. 26. Haukholt 1: Brúarhlöð; Móttaka ferðamanna; Deiliskipulag.

Lögð var fram tillaga deiliskipulags sem tekur til Brúarhlaða L234128 í landi Haukholtis 1 eftir yfirferð Skipulagsstofnunar. Deiliskipulagið tekur til um 6 ha svæðis á austurbakka Hvítár við Brúarhlöð þar sem gert er ráð fyrir uppbyggingu á aðstöðu fyrir ferðamenn. Athugasemdir voru gerðar við gildistöku málsins að hálfu Skipulagsstofnunar og eru þær lagðar fram við afgreiðslu málsins ásamt uppfærðum gögnum.

Skipulagsnefnd UTU mælist til þess við sveitarstjórn Hrunamannahrepps að samþykkja framlagt deiliskipulag eftir auglýsingu og yfirferð Skipulagsstofnunar. Nefndin telur að brugðist hafi verið við athugasemdum Skipulagsstofnunar sem bærust vegna afgreiðslu málsins með fullnægjandi hætti innan gagnanna. Nefndin mælist til þess að deiliskipulagið taki gildi með birtingu auglýsingar í B-deild Stjórnartíðinda og verði send Skipulagsstofnun til yfirferðar í samræmi við 42. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemdir við afgreiðslu skipulagsnefndar og samþykkir framlagt deiliskipulag eftir auglýsingu og yfirferð Skipulagsstofnunar.

Sveitarstjórn telur að brugðist hafi verið við athugasemdum Skipulagsstofnunar sem bárust vegna afgreiðslu málsins með fullnægjandi hætti innan gagnanna. Sveitarstjórn mælist til þess að deiliskipulagið taki gildi með birtingu auglýsingar í B-deild Stjórnartíðinda og verði send Skipulagsstofnun til yfirferðar í samræmi við 42. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Mál nr. 27. Sléttuvegur 1: Skilmálabreyting; Aukið byggingamagn; Deiliskipulagsbreyting.

Lögð er fram beiðni um breytingu á skilmálum deiliskipulags sem tekur til frístundabyggðarinnar Sléttubyggðar í landi Efra-Sels. í breytingunni felst að á hverri lóð verði heimilt að byggja allt að 150 fm sumarhús og tvö allt að 40 m² gestahús og/eða geymslu innan hámarks nýtingarhlutfalls 0.03.

Skipulagsnefnd UTU mælist til þess við sveitarstjórn Hrunamannahrepps að samþykkja framlagða breytingu á deiliskipulagi svæðisins. Málið fái málsmeðferð á grundvelli 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er varðar óverulega breytingu á deiliskipulagi og verði grenndarkynnt innan skipulagssvæðisins.

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemdir við afgreiðslu skipulagsnefndar og samþykkir framlagða breytingu á deiliskipulagi svæðisins. Málið fái málsmeðferð á grundvelli 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er varðar óverulega breytingu á deiliskipulagi og verði grenndarkynnt innan skipulagssvæðisins.

Mál nr. 35. Afgreiðslur byggingarfulltrúa frá 15. mars sl.

Lagðar fram til kynningar afgreiðslur byggingarfulltrúa frá 1. mars sl.

Fundargerðir v. samvinnu sunnlenskra sveitarfélaga:

4. SASS: Fundargerð 592. fundar stjórnar frá 3. febrúar sl.

Lögð fram fundargerð 592. fundar stjórnar SASS.

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

5. SASS: Fundargerð 593. fundar stjórnar frá 3. mars sl.

Lögð fram fundargerð 593. fundar stjórnar SASS.

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

6. SASS: Fundargerð 594. fundar stjórnar frá 24. mars sl.

Lögð fram fundargerð 594. fundar stjórnar SASS.

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

7. Héraðsnefnd Árnesinga bs.: Fundargerð 7. fundar framkvæmdastjórnar frá 3. janúar sl.

Lögð fram fundargerð 7. fundar framkvæmdastjórnar Héraðsnefndar Árnesinga bs.

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

8. Héraðsnefnd Árnesinga bs.: Fundargerð 8. fundar framkvæmdastjórnar frá 16. janúar sl.

Lögð fram fundargerð 7. fundar framkvæmdastjórnar Héraðsnefndar Árnesinga bs.

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

9. Bergisinn bs.: Fundargerð 52. stjórnarfundar frá 17. febrúar sl.

Lögð fram fundargerð 52. fundar Bergisans bs.

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

10. Brunavarnir Árnassýslu: Fundargerð 4. fundar stjórnar frá 16. desember sl.

Lögð fram fundargerð 4. fundar Brunavarna Árnassýslu.

Fundargerðin lögð fram til kynningar um leið og sveitarstjórn fagnar áformum stjórnarinnar um að heimsækja allar starfsstöðvar núna á árinu og þar á meðal hér á Flúðum. Ljóst er að slökkvistöðin hér uppfyllir ekki þær kröfur sem gerðar eru til slökkvistöðva og því brýnt að hugað verði tímanlega vegna næstu fjárhagsáætlunar að uppbyggingu björgunarmiðstöðvar hér á Flúðum.

11. Brunavarnir Árnassýslu: Fundargerð 5. fundar stjórnar frá 14. febrúar sl.

Lögð fram fundargerð 5. fundar Brunavarna Árnassýslu.

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

12. Brunavarnir Árnassýslu: Fundargerð 6. fundar stjórnar frá 14. mars sl.

Lögð fram fundargerð 6. fundar Brunavarna Árnassýslu.

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

13. Byggðasafn Árnesinga: Fundargerð 4. fundar stjórnar frá 27. mars sl ásamt ársskýrslu 2022.

Lögð fram fundargerð 4. fundar Byggðasafns Árnesinga ásamt ársskýrslu 2022.

Fundargerðin lögð fram til kynningar um leið og þakkað er fyrir greinargóða og fróðlega skýrslu.

14. Heilbrigðisnefnd Suðurlands: Fundargerð 226. fundar frá 30. mars sl. ásamt ársreikningi 2022.

Lögð fram fundargerð 226. fundar Heilbrigðisnefndar Suðurlands ásamt ársreikningi 2022.

Fundargerðin og ársreikningur lögð fram til kynningar.

15. Héraðsskjalasafn Árnesinga: Fundargerð frá 21. mars sl. ásamt ársreikningi 2022 og starfsáætlun 2023.

Lögð fram fundargerð Héraðsskjalasafns Árnesinga ásamt ársreikningi 2022 og starfsáætlun 2023.

Fundargerðin ásamt öðrum gögnum lögð fram til kynningar.

16. Listasafn Árnesinga: Fundargerð stjórnar frá 17. mars sl. ásamt ársreikningi 2022.

Lögð fram fundargerð stjórnar Listasafns Árnesinga ásamt ársreikningi 2022.

Fundargerðin og ársreikningur lögð fram til kynningar.

17. Svæðisskipulag Suðrhálendis: Fundargerð 24. fundar frá 28. mars sl. ásamt minnisblaði og einnig fundargerð Svæðisskipulagsnefndar frá sama degi.

Lögð fram fundargerð 24. fundar Svæðisskipulags Suðrhálendis ásamt fundargerð og minnisblaði Svæðisskipulagsnefndar frá sama degi.

Sveitarstjórn samþykkir að verkefninu verði lokið í samræmi við fyrirbyggjandi áætlun og einnig samþykkir sveitarstjórn þá kostnaðarskiptingu sem hér er lögð fram. Að öðru leyti eru fundargerðirnar lagðar fram til kynningar.

Erindi til sveitarstjórnar:

18. Umsagnarbeiðni frá Atvinnuveganefnd Alþingis frá 31. mars 2023.

Lögð fram umsagnarbeiðni frá Atvinnuveganefnd Alþingis um tillögu til þingsályktunar um matvælastefnu til ársins 2040, 915. mál.

Umræður urðu um málið og sveitarstjóra og oddvita falið að senda umsögn byggða á umræðunum.

19. Umsagnarbeiðni frá Velferðarnefnd Alþingis frá 28. mars 2023.

Lögð fram umsagnarbeiðni frá Velferðarnefnd Alþingis um frumvarp til laga um breytingu á lögum um fjöleignarhús, nr. 26/1994 (gæludýrahald), 80.mál.

Lagt fram til kynningar.

20. Umsagnarbeiðni frá Velferðarnefnd Alþingis frá 31. mars 2023.

Lögð fram umsagnarbeiðni frá Velferðarnefnd Alþingis um tillögu til þingsályktunar um aðgerðaráætlun um þjónustu við eldra fólk fyrir árin 2024-2028, 860. mál.

Sveitarstjórn fagnar framkominni aðgerðaráætlun um þjónustu við eldra fólk en minnir jafnframt á mikilvægi þess að ávallt sé haft í huga hversu mismunandi aðstæður einstaklinga eru í okkar víðfeðma og oft á tíðum strjálbýla landi. Því er afar brýnt að sem þátttakendur í tilraunaverkefnum verði valin svæði sem best endurspeglar fjölbreytta búsetu og mismunandi þarfir einstaklinganna. Enn fremur er minnt á mikilvægi þess að nauðsynlegt fjármagn fylgi til sveitarfélaganna eigi þau að hafa bolmagn til að innleiða og taka þátt í jafn viðamiklum og mikilvægum breytingum og hér er lagðar fram.

21. Bréf frá Innviðaráðuneytinu frá 15. mars 2023 ásamt skýrslu verkefnastjórnar um bættar starfsaðstæður kjörinna fulltrúa.

Lagt fram bréf frá Innviðaráðuneytinu til að fylgja eftir tillögum verkefnisstjórnar um bættar starfsaðstæður kjörinna fulltrúa í þeim tilgangi að draga úr álagi, bæta starfsaðstæður og samskipti kjörinna fulltrúa sín á milli og við íbúa.

Lagt fram til kynningar.

22. Bréf frá Sambandi Íslenskra sveitarfélaga frá 15. mars 2023.

Lagt fram bréf frá Sambandi Íslenskra sveitarfélaga þar sem sveitarfélög eru hvött til að svara samnorrænni könnun um heimsmarkmiða- og sjálfbærnivinnu sveitarfélaga. Svör könnunarinnar verða mikilvægur þáttur í skýrslu um innleiðingu heimsmarkmiðanna í Íslenskum sveitarfélögum sem forsætisráðherra mun kynna á ráðherrafundi Sameinuðu þjóðanna í júlí nk.

Lagt fram til kynningar.

23. Bréf frá Sambandi Íslenskra sveitarfélaga frá 3. apríl 2023 ásamt samkomulagi.

Lagt fram bréf frá Sambandi Íslenskra sveitarfélaga vegna samkomulags um tímasetta aðgerðaráætlun um betri vinnutíma í leikskólum sbr. fylgiskjal í kjarasamningi Félags leikskólakennara.

Sveitarstjórn veit að verið er að vinna að tillögu um styttingu vinnutíma starfsmanna leikskólans í samræmi við ákvæði í fylgiskjali með kjarasamningi FL og Sambands Íslenskra sveitarfélaga þar sem kveðið er á um fulla styttingu vinnutíma starfsmanna frá og með 1. ágúst 2023. Í næstu viku verða tillögur væntanlega ræddar í skólanefnd og í kjölfarið kynntar foreldrum áður en þær fara til endanlegs samþykkis í sveitarstjórn þann 4. maí 2023.

24. Bréf frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga frá 5. apríl 2023.

Lagt fram bréf frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga með umsagnar um hvítbók í málefnum sveitarfélaga.

Lagt fram til kynningar.

25. Bréf frá UMFÍ frá ódagssett.

Lagt fram bréf frá UMFÍ þar sem vakin er athygli á bæklingi til foreldra um mikilvægi þátttöku barna og ungmenna af erlendum uppruna í skipulögðu íþróttastarfi. Bæklingurinn hefur verið gefinn út á 10 tungumálum og er aðgengilegur á rafrænu formi á heimasíðum ÍSÍ og UMFÍ. Sveitarfélög eru hvött til að hjálpa til við að ná til foreldra barna og ungmenna af erlendum uppruna og ýta þannig undir að þau verði þátttakendur í skipulögðu íþróttastarfi.

Lagt fram til kynningar og einnig vísað til kynningar í Lýðheilsu- og æskulýðsnefnd.

26. Bréf frá Eignarhaldsfélaginu Brunabótafélagi Íslands frá 4. apríl 2023.

Lagt fram bréf frá Eignarhaldsfélaginu Brunabótafélagi Íslands þar sem sveitarfélaginu er boðið að senda inn umsókn um stuðning við verkefni sem falla undir reglur sjóðsins. En tilgangur sjóðsins er að styrkja með fjárframlögum sérstakar athuganir eða rannsóknir á ýmsum þróunarpáttum í atvinnulífi, samgöngum eða fræðslu- og menningarmálum í aðildarsveitarfélögum.

Lagt fram til kynningar en þar sem sveitarfélagið hlaut styrk frá félaginu árið 2022 mun sveitarfélagið, skv. reglum sjóðsins, ekki fá styrk í ár.

27. Bréf frá Háskóla Íslands og Háskólanum á Akureyri ódagssett.

Lagt fram bréf frá Háskóla Íslands og Háskólanum á Akureyri þar sem kynnt er Fagháskólanám í leikskólafræði, en stefnt er að því að bjóða fagháskólanám fyrir starfsfólk leikskóla á 6-8 stöðum eða svæðum komandi haust. Verkefnið Fagháskólanám í leikskólafræði á landsvísu er samstarfsverkefni Háskóla Íslands og Háskólans á Akureyri og er ætlað að efla fagmenntun í leikskólum með því að fjölga kennurum og að efla innra starf í leikskólum með því að tvinna saman nám og starf. Fagháskólanámið er liður í að fjölga leikskólakennurum, en um 1.500 leikskólakennara vantar til starfa.

Lagt fram til kynningar en erindinu er um leið vísað til skólanefndar og leikskólastjóra.

28. Bréf frá Hestamannafélaginu Jökli frá 11. apríl 2023.

Lagt fram bréf frá Hestamannafélaginu Jökli sem í samstarfi við landeigendur meðfram nýframkvæmdum við Hrunaveg nr. 344 hefur farið yfir mál er varða reiðveg og girðingar á leiðinni. Landeigendur eru sáttir við að færðar verði girðingar frá veginum þar sem það á við enda hefur hann breikkað og þrengt verulega að ríðandi umferð á sumum stöðum.

Fulltrúar sveitarstjórnar áttu fund með forsvarsmönnum Vegagerðarinnar þann 14. september 2022 þar sem málefni reiðvega voru sérstaklega rædd eins og fram kom í minnisblaði af umræddum fundi þar sem segir að mikilvægt sé að hugað verði að reiðvegum í sveitarfélaginu: „Langholtsvegur og Hrunavegur (344) hafa verið lagðir bundnu slitlagi og ber að fagna þeirri framkvæmd. Brýnt er í framhaldinu að móta og gera hestafólki kleift að ríða út án þess að þurfa fara malbikið með tilheyrandi hættu bæði fyrir akandi og ríðandi umferð. Mjög brýnt er að klára reiðleiðir í kringum veginn sem fyrst. Á fundinum kom fram að fulltrúar Vegagerðarinnar skorast ekki undan því að gera reiðfært meðfram Hrunavegi og verður það gert í vetur. Mikilvægt er að fulltrúar Hestamannafélagsins verði með í ráðum þegar kemur að útfærslu reiðleiðar á þessum stað.“ Sveitarstjóra er falið að fylgja eftir óskum Hestamannafélagsins Jökuls og fyrri áskorunum sveitarstjórnar um málið svo setja megí framkvæmdina í farveg enda er tímaraminn sem upphaflega var ræddur liðinn.

29. Bréf frá umsjónaraðilum Miðfellshlaupsins frá 29. mars 2023.

Lagt fram bréf frá umsjónaraðilum Miðfellshlaupsins þar sem sótt er um styrk til framkvæmda við Miðfellshlaupið 2023. Hlaupið verður haldið í tengslum við hreyfiviku UMFÍ laugardaginn 3. júní n.k. og unnið í samstarfi við Heilsuefandi samfélag og fleiri félagasamtök. Hlaupið í ár er það þriðja á jafn mörgum árum. Hlaupið er styrktarhlaup til stuðnings Píetasamtökunum.

Umsjónaraðilar Miðfellshlaupsins óska eftir stuðningi sveitarfélagsins með eftirfarandi hætti: Fá frítt í Sundlaug fyrir þátttakendur að hlaupi loknu, fá afnot af aðstöðu í íþróttahúsi, búninga- og salernisaðstöðu á hlaupadegi, fá afnot af Hrepps bíl á hlaupadegi, fá afnot af fótboltavelli við íþróttahús fyrir hlaupara og þjónustuaðila, fá aðstoð starfsmanns áhaldahúss (á föstudegi og mánudegi) við að keyra út/sækja áhöld sem notuð eru á hlaupadegi.

Sveitarstjórn samþykkir að styðja við Miðfellshlaupið með þeim hætti sem óskað er eftir.

30. Samstarfssamningur Björgunarfélagsins Eyvindar á Flúðum og Hrunamannahrepps.

Lögð fram drög að nýjum samstarfssamningi milli Björgunarfélagsins Eyvindar á Flúðum og Hrunamannahrepps.

Sveitarstjórn samþykkir samninginn og felur sveitarstjóra að undirrita hann. Halldóra vék af fundi við afgreiðslu málsins.

31. Áskorun frá íþróttafélögum Uppsveitanna.

Lögð fram áskorun frá íþróttafélögum Uppsveitanna þar sem skorað er á sveitarstjórnir í Bláskógabyggð, Grímsnes- og Grafningshreppi, Hrunamannahreppi og Skeiða- og Gnúpverjahreppi að koma af stað verkefni í samstarfi við íþróttafélögin með frístundastrætó til að auðvelda krökkum að stunda sína íþrótt sama hvar hún er í Uppsveitunum.

Sveitarstjórn vísar erindinu til umfjöllunar í oddvitanefnd Uppsveitanna.

32. Minnisblað frá sveitarstjóra varðandi borholu í landi Garðs.

Lagt fram minnisblað frá sveitarstjóra varðandi borholu í landi Garðs en þar segir m.a. að á fundi sveitarstjórnar þann 16. febrúar sl. var tekið til afgreiðslu mál nr. 30 í fundargerð Skipulagsnefndar frá 8. febrúar þar sem lögð var fram umsókn um framkvæmda leyfi frá Bláhver ehf vegna fyrirhugaðrar dýpkunar og vinnslu á heitu vatni úr borholu GA-01 sem staðsett er á lóðinni.

Niðurstaða sveitarstjórnar var að málinu var frestað og Lögmannsstofu Ólafs Björnssonar ehf. falið að kanna hvort að sveitarfélagið geti gefið Bláhver ehf framkvæmdaleyfi fyrir umræddri framkvæmd.

Sveitarstjórn samþykkir að í ljósi þess að gera má ráð fyrir að nýting jarðhitaauðlindarinnar á svæðinu kringum Garð verði ekki aðskilin, sbr. 27. gr. auðlindalaga, og ekki liggur fyrir samþykki allra hagsmunaaðila um frekari nýtingu hennar, er óhjákvæmilegt annað en fresta útgáfu framkvæmdaleyfis til eiganda Garðs, til borunar eftir heitu vatni í landi jarðarinnar, þar til samþykki allra hagsmunaaðila á svæðinu liggur fyrir.

33. Minnisblað frá sveitarstjóra varðandi sumarlokun á skrifstofu 2023.

Lagt fram minnisblað frá sveitarstjóra varðandi sumarlokun á skrifstofu en lagt er til að skrifstofa Hrunamannahrepps verði lokuð í rétt rúmar þrjár vikur í sumar eða frá 3. júlí – 25. júlí, að báðum dögum meðtöldum, vegna sumarfrís starfsmanna.

Sveitarstjórn samþykkir tillöguna.

34. Ákvörðun um íbúafund.

Sveitarstjórn samþykkir að boðað verði til íbúafundar um ársreikning 2022 og þar sem kynnt yrðu ýmis önnur mál.

35. Næsti fundur sveitarstjórnar.

Sveitarstjórn samþykkir að næsti fundur sveitarstjórnar verði haldinn þriðjudaginn 18. apríl kl. 16:30.

Verkfundargerðir:

a. Byggð á brikum: Verkfundargerð 4. fundar.

Fundargerðin samþykkt.

Mál til kynningar:

b. Samband íslenskra sveitarfélaga: Fundargerð 920. fundar stjórnar frá 17.3. sl.

Lagt fram til kynningar.

c. Samband íslenskra sveitarfélaga: Fundargerð 921. fundar stjórnar frá 30.3. sl.

Lagt fram til kynningar.

d. Samtök orkusveitarfélaga: Fundargerð 58. fundar stjórnar frá 7. mars sl.

Lagt fram til kynningar.

e. Bergrisinn bs.: Drög að ársreikningi 2022.

Lagt fram til kynningar.

f. Skóla- og velferðarþjónusta Árneshöfða bs.: Ársreikningur 2022.

Lagt fram til kynningar.

g. Boð á aukaaðalfund Samtaka orkusveitarfélaga sem fram fer föstudaginn 21. apríl kl. 11:00.

Lagt fram til kynningar.

Fleira ekki tekið fyrir, fundi slitið kl. 19:22.